

Reykjavík, 25. mars 2022


Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.)

Stjórnvöld hafa birt til umsagnar ofangreind frumvarpsdrög. Mál þetta á sér talsverðan aðdraganda en í ágúst 2019 voru birt í Samráðsgáttinni áform stjórnvalda um lagabreytingar vegna stuðnings stjórnvalda við lífskjarasamninga, mál nr. 178/2019 og skiluðu LL umsögn dags. 29. ágúst 2019. Í kjölfarið voru birt drög að samkynja frumvarpi í Samráðsgáttinni, mál nr. 291/2019 og skiluðu LL inn umsögn, dags. 9. desember 2019. Á síðasta þingi var frumvarp lagt fyrir þingið, 700. mál, sem fékk umræðu í efnahags- og viðskiptanefnd og bárust fjöldi umsagna við það þ. á m. frá LL, dags. 28. apríl 2021. Málið var afgreitt úr nefndinni til stjórnvalda til nánari úrvinnslu. Ekki liggur fyrir hvernig samráði hefur verið háttað frá þessum tíma né með hvaða hætti mat hefur verið lagt á þær fjölda ábendinga sem bárust við meðhöndlun ofangreindra mála.

Innan vébanda LL eru allir lífeyrissjóðir landsins og hafa fulltrúar sjóðanna talsvert ólíka sýn á farsæla uppbyggingu á réttindaávinnslu fyrir sína sjóðfélaga. Með það í huga þykir rétt að LL haldi sig til hlés og skili ekki inn efnislegum ábendingum í umsögn um málið á þessu stigi. Samtökin leggja þó áherslu á að þau eru meira en reiðubúin til að koma að málinu ef þurfa þykir en samtökin hafa það sem sitt helsta leiðarljós að gæta hagsmuna allra sjóðfélaga óháð sjóðfélagaaðild.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri